

Dagskrá Stjórnarfundar FKA 2021 - 2022

Fundur #6

Staður: B35/Teams

Dagsetning: 09.12.2021

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar voru : Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Katrín Kristjana Harðardóttir(KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagsskrá fundar var:

1. Opnun, stuttur hringur í stafrósröð.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra.
3. Verkefni stjórnar, staða og eftirfylgni.
4. Önnur mál.

1. Stuttur hringur

Stjórnarkonur taka stuttan hring á sinni persónulegu stöðu.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra. Staðan er góð á reikningum félagsins og reikningar tengjast bókhaldskerfi sem skyldi. Umfang félagsins hefur vaxið talsvert og umræður voru um hvernig léttu mætti á framkvæmdastjóra, m.a. með skipulögðum símatíma og stöðluðum „Spurt og svarað“ svörum á heimasíðu félagsins.

3. Verkefni stjórnar – staða og eftirfylgni

- Viðurkenningarhátíð – undirbúningur gengur vel. Fyrirhugað er að halda hátíðina á Grand hótél eftir gildandi sóttvörnum. Dómnefnd er að störfum á tímaáætlun. Hulda Ragnheiður Árnadóttir er formaður dómnefndar og Unnur Elva Arnardóttir varaformaður FKA situr fyrir hönd stjórnar FKA í dómnefnd. Sérblað FKA er í undirbúningi með Fréttablaðinu og er áætlað stærri útgáfa en áður. 20. janúar er sett dagsetning á Viðurkenningarhátíð og útgáfu sérblaðs FKA. UEA/ERR
- Fjölmíðlaverkefnið – er í endurskoðun með RUV. Báðir aðilar eru samhuga um endurskoðun og rýni á framkvæmd verkefnisins, ekki síst í ljósi breyttrar stöðu í samfélaginu. Fundað verður aftur strax eftir áramót. ERE/SHP
- Sýnileikadagurinn – Áætluð dagsetning er 10. mars í Arion banka. Útfærsluatriði eru í vinnslu; hlaðvarp, streymi, sjónvarp. Skipulagning miðast við efnistöð og útfærsla við gildandi sóttvarnarreglur. ETS/VJ
- Aðalfundur FKA - Skipa þarf umsjónaraðila frá hendi stjórnar, dagsetningu og staðsetningu. Ákveðið var að taka málið fyrir á fyrsta stjórnarfundum eftir áramót. SHP/UEA/AR

- Starfsreglur og ábyrgð innan félagsins voru rædd. Þörf er á að rýna þær reglur og miðla til nefnda og deilda. AR
- Fagdeildir hafa sprottið upp innan félagsins. Stjórn FKA lítur samstarf kvenna innan félagsins alltaf jákvæðum augum og gerir sitt besta til að styrkja og efla slíka hópamyndun. Faghópar eru þó sjálfstætt reknir og undir sjálfstæðri stjórn. Ákveðið var að semja leiðbeinandi tilmæli til faghópa og birta á nýju ári 2022. Sjá meðfylgjandi skjal. AR
- VR verkefni er í góðum farvegi. Framvinda verður á fyrsta fundi 2022. UEA
- Fjalladrottningar – skoða göngu á vesturlandi og eins fyrir norðan í apríl þegar landsbyggðarráðstefnan er þar. ERR
- AWE Nýsköpunarhraðall – Sigríður Hrund mun tala inn á stutt kynningarmyndband fyrir hönd FKA til að hvetja konur til þátttöku í AWE Nýsköpunarhraðlinum. Hraðallinn er samstarfsverkefni við HÍ, bandaríska sendiráðið og fleiri aðila. SHP
- Ekki náðist fundur með Atvinnurekendadeild FKA vegna anna. AR/SHP
- Listi yfir frjáls félagasamtök kvenna. Verið er að taka saman lista yfir frjáls félagasamtök kvenna á landinu til að hafa samband og láta vita af mögulegu samstarfi. SHP og UEA.
- Stjórn FKA fylgist vel með TAK, tengslaneti austfirskra kvenna og þeirra störfum. Umræður á samstarfi eru á frumstigi. AR.
- Beiðni um samstarf BPW ráðstefnu í maí til Jafnvægisvogarráðs er í vinnslu. Viðræður eru í gangi um mögulegar útfærslur. KKH.
- Stofnun Suðurnesjadeildar gekk vel, félagatal er komið yfir 50 konur. Fyrirhugað er jólarölt.

4.Önnur mál:

- Hádegisverður með stjórn mun falla niður sem fastur viðburður vegna dræmra viðbragða. Fyrirhugað er að stjórn mæti öll á súpufund með AFKA í janúar.
- Fyrirhuguð heimsókn til Sýnar í nóvember datt út vegna Covid.
- Framkvæmdastjóri og Formaður FKA heimsóttu FKA Norðurland og gekk sú heimsókn afar vel. Farið var í heimsókn til fjölda félagskvenna, Jafnréttisstofu, bæjarstjóra Akureyrar og endað á tengslamóttöku á Hótel KEA. Jóhanna Hildur formaður FKA Norðurlands og Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA fengu útvarpsviðtal samdægurs hjá RUV.
- Hlaupadrottningar FKA eru komnar í vetrarpásu vegna veðurs. Munu fara af stað þegar vorar og betur veðrar.
- Jólarölt Viðskiptanefndar FKA í Hafnarfirði gekk afar vel, var vel skipulagt og vel sótt. Mikil og jákvæð umfjöllun fylgdi viðburðinum sem er jákvætt fyrir alla hlutaðeigendur.
- Farið var yfir uppgjör golfmóts FKA 2021.
- Skrifstofa FKA lokar 21. desember til 4. janúar.
- 1300 félagskona FKA var samþykkt þennan morgun. Innilegar hamingjuóskir til allra félagskvenna.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl 13.30

Viðauki 1.

Faghópar innan FKA - Krafturinn sem gustar af félagskonum og stjórnin vill byggja brýr.

Fordómalausir tímar og hvert tækifæri nýtt til að tengjast til að komast út úr kófinu.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá hóp félagskvenna þéttast á tímum Covid þar sem einstaklinga hafa gjarnan hoppað upp um nokkur borð í tækninni og þess vegna hefur framboðið af fræðslu, tækifæra til tengslamyndunnar og næringu aukist í félaginu um land allt og þvert á allt.

Fjallað hefur verið um áhrif COVID-19-faraldursins á ólíkar hliðar samfélagsins og eitt er víst að konur hafa tekið margt á kassann síðustu misserin og dæmin sýna að enn er þörf á samstöðu og sterku afli FKA til að koma ólíkum röddum að borðinu.

Þörfin til að hittast var víða uppsöfnuð eftir sóttvarnarreglur í öllum stærðum og gerðum og brá stjórn FKA á það ráð, ólíkt því sem áður hefur verið gert, að hvetja faghópa til að hittast og koma saman – eða að minnsta kosti ekki standa í vegi fyrir slíku.

FKA er öflugt tengslanet kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins, við erum leiðandi hreyfiafl sem eflir fjölbreytileika atvinnulífsins og við styðjum kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinum þær til aukins sýnileika og þátttöku. Þess vegna rímar myndun hópa, má nefna hóp innan félagsins í mannvirkjaiðnaði, vel við vilja stjórnar sem vill gera allt í sínu valdi svo að konur eflist og komast sterkari út úr kófinu. Ef það er með að mynda óformlega minni hópa, þar sem allar konur eru velkomnar, hópa sem eru fyrir utan nefnir, deildir og verkefni eins og hreyfiaflsverkefni FKA þá er það hið besta mál á meðan við erum að finna taktinn á tímum heimsfaraldurs. Þess ber að geta að starf slíkra hópa er sjálfstæð stærð og víkjandi á dagskrá fyrir föstum liðum og verkefnum félagsins er kemur að hlutverki þess og stefnu.

Það er dásamlegt að fylgjast með metnaði í hópnum í mannvirkjageiranum og um að gera að nýta tækifærið bjóða heim, þannig gefst tækifæri til að kynna sig og þá er hægt að bjóða félagskonur á sama sérsviði velkomnar með og efla tengslin. Konur eru hvattar að benda á hvora aðra og skrifa greinar í blöðin og láta til ykkar taka í eigin nafni og sem félagskonur FKA.

Það verður þá að koma skýrt fram að viðburðir hópa er ekki sett á viðburðadagatal FKA né er sendur út markpóstur um viðburðinn. Konur hvattar til að bjóða heim í sín fyrirtæki til að hittast, þannig gefst tækifæri til að kynna sig og þá er hægt að bjóða félagskonur á sama sérsviði velkomnar með og efla tengslin. Mikilvægt er að benda á hvora aðra og skrifa greinar í blöðin og láta til ykkar taka í eigin nafni og sem félagskonur FKA.

Faghópar eru hvattir til að fjölmenna á viðburði á vegum félagsins og efla tengslin til dæmis á fyrirtækjakynningum, á göngu eða á öðrum viðburðum félagsins. Þetta er gert svo að það myndast ekki meira álag á skrifstofu og stjórn

sem á fullt í fangi með að höndla með það sem fyrir er enda 1300 konur nú í félaginu og margt í gangi.

Nú hafa nokkrir hópar s.s. hópur bókara, markaðsmála, mannvirkjageirans og annarra myndast og á þéttu viðburðadagatali FKA hefur ekki verið rými eða vilji fyrir svona hópamyndanir en stjórn FKA fannst kjörið á fordómalausum tímum að setja sig ekki upp á móti slíku tímabundið, einmitt að gera hluti með nýjum hætti og nýta hvert tækifæri til að tengjast, því við ætlum jú að komast út úr kófinu betri í dag en í gær.

Viðauki 2.

Möguleiki kynsegin fólks á göngu inn í FKA.

„Þetta eru allt mjög eðlilegar hugleiðingar og mér finnst þú nálgast málið af fagmennsku og kærleika,“ eru þau svör við erindi framkvæmdastjóra FKA sem sent var fyrir hönd félagsins vegna erindis sem barst Félagi kvenna í atvinnulífinu þar sem möguleika kynsegin fólks á göngu inn í FKA var borið upp:

„...Ég skrifa til þín til að kanna möguleika kynsegin fólks á göngu inn í FKA. Ég skil að bæði í nafni og gjörðum eru þið samtök kvenna og ekki kvenna og kvára, en ég hef satt að segja áhuga á að slá mér til liðs við ykkur en er ekki kona heldur kvar (sem er kynsegin manneskja).“

Félagslögin, sem eru jú mannanna verk og er hægt að breyta, segja:

Lög FKA

Lög Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

I. kafli Heiti félags, heimili og markmið

1. gr. Heiti félags og heimili

Heiti félagsins er Félag kvenna í atvinnulífinu, og er það skammstafað FKA. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

(...)

Tilgangur félagsins og markmið

Tilgangur félagsins er að styrkja enn stöðu kvenna í íslensku atvinnulífi og fjölga konum í stjórnunarstöðum og í eigin rekstri. Tilgangi þessum hyggst félagið ná með því að styðja við konur í nýsköpun og öðrum atvinnurekstri, ásamt því að efla samstöðu og samstarf þeirra á meðal.

Málið er margþætt, FKA vill vinna vel og leitar því ráða hjá Samtökunum 78 til að svara í takt við nýja tíma.

Stjórn telur enn mikla þörf að vera hreyfiafl, sýnileiki og vinna með tengslanet kvenna þar sem forgjöf kynjanna er ólík, konur oft skör lægri og það er raunveruleiki þarna úti sem sameinar konur. Enn er þörf á að vinna gegn bakslagi og stöðnun er kemur að jafnrétti í víðasta skilningi og telur stjórn enn mikla þörf á sérstöku félagi kvenna í atvinnulífinu, því miður kannski.

Þá að fæðingagallanum er sem merkingabær er mikilvægt að fjalla stuttlega um „Sís“ sem er sú breyta sem FKA hefur höndlað með til þessa og telur þörf á að gera það áfram. „Sís“ er „lýsingarorð og forskeyti sem er notað um fólk sem upplifir sig á þann hátt að það tilheyrir því kyni sem því var úthlutað við fæðingu. Sís kona er til dæmis kona sem var úthlutað kyninu „stelpa“ við fæðingu og er

sátt við það..." (<https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/sis-sis-kynja/>). Stjórn gefur sér það frelsi að endurskoða mat sitt og skipta um skoðun enda höfnum við stöðnun og ávallt til í samtalið.